



Ársskýrsla
Fjölbrautaskólans í
Garðabæ 2015

Febrúar 2016

	<i>Efnisyfirlit</i>	
1	<i>Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ</i>	3
	1.i <i>Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ</i>	3
2	<i>Skólasamningur</i>	4
	2.i <i>Viðauki 1. Markmið skólans á næstu árum</i>	4
3	<i>Starfsemi skólaárið 2015</i>	5
	3.i <i>Vorönn 2015</i>	5
	3.ii <i>Haustönn 2015</i>	6
4	<i>Foreldraráð og samskipti við forráðamenn</i>	7
5	<i>Sjálfsmat</i>	7
6	<i>Námsframboð</i>	8
7	<i>Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna</i>	9
	7.i <i>Stærð húsnæðis</i>	9
	7.ii <i>Fjöldi nemenda</i>	9
	7.iii <i>Brottfall nemenda á undanförunum önnum</i>	10
	7.iv <i>Skipting nemenda á námsbrautir og eftir kynjum á vorönn 2015 og haustönn 2015</i>	11
	7.v <i>Aldursskipting nemenda á vorönn 2015 og haustönn 2015</i>	11
	7.vi <i>Dreifing nemenda á bæjarfélög árið 2015</i>	12
	7.vii <i>Meðalstærð námshópa vorönn 2015 og haustönn 2015</i>	12
8	<i>Starfsfólk</i>	13
	8.i <i>Fjöldi kennara og annars starfsfólks</i>	13
	8.ii <i>Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum</i>	13
	8.iii <i>Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans</i>	13
	8.iv <i>Hverjir teljast til stjórnenda skólans</i>	13
	8.v <i>Kynjaskipting starfsfólks</i>	13
	8.vi <i>Aldur í árum hjá kennurum og stjórnendum</i>	14
	8.vii <i>Menntun kennara og stjórnenda</i>	14
	8.viii <i>Kennsluhættir í FG</i>	14
9	<i>Fjármál skólans</i>	15
	<i>Viðauki prófíll skólans</i>	17

1 Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Hlutverk Fjölbrautaskólans í Garðabæ er að bjóða nemendum upp á góða menntun og efla alhliða þroska nemenda skólans svo að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, í starfi, frekara námi og leik.

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ mun leitast við að:

- Bjóða upp á fjölbreytt og gott nám, bæði bóklegt og verklegt.
- Hvetja nemendur til stöðugrar þekkingarleitar og þjálfna þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Auka vísýni nemenda, efla frumkvæði þeirra og þjálfna þá í gagnrýninni hugsun.
- Efla ábyrgðarkennd nemenda, sjálfstraust þeirra, háttvísi og umburðarlyndi.
- Þjálfna nemendur í að njóta menningarlegra verðmæta.
- Stuðla að því að nemendur temji sér heilbrigðan lífsstíl

1i Markmið Fjölbrautaskólans í Garðabæ

Meginmarkmið skólans er að námið stuðli að alhliða þroska nemenda svo að þeir verði sem best búnir undir að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi.

Að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir nemendur og starfsfólk.

Til að skólinn uppfylli hlutverk sín og nái markmiði sínu eru eftirfarandi stefnur og reglur í gildi. Þessar stefnur og reglur eru endurskoðaðar reglulega:

Stefnur:

- [Endurmenntunaráætlun FG](#)
- [Heilsustefna](#)
- [Jafnréttisáætlun FG](#)
- [Starfsmannastefna FG](#)
- [Stefna skólans í forvörnum](#)
- [Stefna og viðbragðsáætlun í eineltismálum](#)
- [Umhverfisstefna FG](#)

Reglur

- [Prófreglur](#)
- [Reglur um skóladansleiki](#)
- [Reglur um Dimission](#)
- [Reglur um veikindi og veikindatilkynningar](#)
- [Reglur um skráningu nemenda](#)
- [Reglur um nemendaferðir](#)
- [Reglur um notkun tölvubúnaðar skólans](#)
- [Reglur skólans varðandi fíkniefni](#)
- [Reglur um launalaus leyfi starfsmanna](#)
- [Skólasóknarreglur](#)
- [Umgengnisreglur](#)
- [Verklagsr. um tilkynningarsk. til barnaverndarnefnda](#)
- [Viðbrögð við samskiptavanda](#)

2 Skólasamningur

Unnið var með ráðuneytinu að nýjum skólasamningi og var hann undirritaður í febrúar 2013. Gildistími samningsins er frá 1. jan. 2013 til 31. desember 2015. Samninginn má sjá á [heimasíðu skólans](#) sem og á heimasíðu mrn. Í viðauka er fjallað um markmið skólans á samningstímanum. Hér er birt yfirlit yfir hvernig gengið hefur að ná þeim markmiðum fram: Rauði textinn er frá ársskýrslunni 2013. Græni textinn eru athugasemdir vegna ársins 2014. Fjólublái textinn er vegna ársins 2015. Gert er ráð fyrir að nýr samningur verði undirritaður á árinu 2016.

2.i Viðauki 1. Markmið skólans á næstu árum

- Lokið verði við að færa allar brautir inn í námskrárgrunn ráðuneytisins.
 - 6 stúdentsbrautir og viðeigandi áfangalýsingar verða settar í grunninn á vorönn 2013. **Þetta hefur ekki verið framkvæmt nema að hluta. Samkvæmt tilmælum frá mrn á ekki að setja meira inn í grunninn meðan óvissa er um lengd stúdentsprófsins. Ekki er enn búið að setja inn brautir þar sem grunnurinn var ekki tilbúinn. Skólinn er tilbúinn með 3ja ára brautir í samræmi við áherslur mrn um styttingu náms. Gert er ráð fyrir að þær verði settar inn í grunninn í marsmánuði 2015.** Allar stúdentsbrautir eru komnar inn í grunninn og Menntamálastofnun hefur afgreitt þær frá sér. Skólinn býður afgreiðslu ráðuneytisins.
 - Samdar verði styttri útgáfur allra brauta fyrir lok skólaárs 2014. **Er í fullri vinnslu og verða brautirnar tilbúnar fyrir innritun vorið 2014. Brautirnar eru tilbúnar en ekki komnar inn í grunninn.** Byrjað er að setja styttri brautir inn í grunninn og stefnt að því að fá afgreiðslu Menntamálastofnunar á þeim á vorönn 2016. Útilokað er að spá um afgreiðslutíma ráðuneytisins.
 - Opin braut og tónlistarbraut verði kláraðar á haustönn 2013. **Tónlistarbrautin er tilbúin. Opín braut er enn til umræðu og verður ekki tilbúin á vorönn 2014. Opna brautin er ekki tilbúin og ekki víst hvað verður um hana. Þó stendur enn vilji til að þróa slíka braut í framhaldi þess að stytting framhaldsskólans kemur til framkvæmda.** Tónlistarbrautin fékk ekki samþykki og er hún nú í endurskoðun í samvinnu við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, Tónlistarskóla Garðabæjar og Flensborgarskólann. Stefnt er að því að fullvinna þá braut á árinu 2016.
- Almennur hluti skólanámskrár verður endurskoðaður á vorönn 2013 í samræmi við aðalnámskrá
 - Almenni hlutinn verður birtur á vef skólans á haustönn 2013. **Þessari endurskoðun er ekki lokið en er í vinnslu og mun ljúka á vorönn 2014. Almenni hlutinn er tilbúinn og verður birtur ásamt nýjum brautum á vorönn 2015. Sjá má almenna hlutann [hér](#).**
- Rekstur skólans verði í samræmi við fjárlög á samningstímanum. **Rekstur skólans er viðunandi og er staða í lok 2013 700.000 kr. í mínus. Rekstur skólans gekk vel á árinu 2014 og skilar skólinn afgangi.** Bakslag var í rekstrinum árið 2015. Í lok ársins er staðan neikvæð um 5 milljónir. Sjá nánar í kafla um fjárhagsstöðu skólans.
- Hafið verði samstarf við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar á vorönn 2013 í því skyni að golfiðkendur verði þátttakendur í afrekssviði FG. **Samstarfið er hafið og hafa þegar verið fjórir fundir með GKG og skólanum.**
 - Golfiðkendur verði þátttakendur frá haustönn 2013. **Það markmið náðist ekki en stefnt er því að það hefjist á haustönn 2014. Ekki hefur verið áhugi fyrir hendi hjá GKG að koma á afrekssviði með FG að svo stöddu.** Samstarfið hefur haldið áfram og stefnt að því að bjóða eitt námskeið í samvinnu við GKG á haustönn 2016.
- Haldið verði málþing á vorönn 2013 með þátttöku nemenda, foreldra og starfsmanna FG.

- a. Sérstök áhersla verði á þá stefnu og þau gildi sem skólinn vill hafa í hávegum. **Pingið var haldið í febrúar 2013.**
6. Gerð verði þarfagreining á fræðslu í FG á vorönn 2013 og fræðslu- og endurmenntunaráætlun FG verði endurskoðuð á skólaárinu 2013-2014. **Þetta er í vinnslu.**
7. Starfsmenn fari í skólaheimsókn til Bandaríkjanna á haustönn 2013. **Farið var til Morgantown í Vestur-Virginíu og heimsóttir skólar og hlýtt á fyrirlestra.**
8. Gert verði átak til að bæta tölvukost skólans á samningstímanum.
 - a. Tölvur verði teknar á rekstrarleigu fyrir bókasafn og tölvustofu frá skólaárinu 2013-2014. **Var gert. Bætt hefur verið við tölvum eftir þörfum.**
 - b. Þráðlausum rýmum verði fjölgað og fjöldi þeirra viðunandi vorið 2014. **Var gert. Enn hefur verið fjölgað þráðlausum rýmum og gerður samningur við fyrirtækið Merkjafélagið, í desember 2014, um að yfirfara og sinna þráðlausa kerfinu.**
 - c. Verkefnastofum verði fjölgað á næstu tveimur árum. **Verið að meta þörf. Ekki hefur verið fjölgað stofum. Þetta er þó í stöðugri skoðun.** Bætt var við einni verkefnastofu á haustönn 2015.
9. Tekið verði upp skráningakerfi ráðuneytisins varðandi brottfall nemenda á vorönn 2013. **Var gert.**

3 Starfsemi skólaárið 2015

3.i Vorönn 2015

Vorönnin hófst með kennarafundi 5. janúar og kennsla hófst þriðjudaginn 6. janúar. Nemendur á önninni voru margir eða um 877. Greiningu á nemendafjölda má sjá á töflu í kafla 6.ii. Kennt var í dagskóla, síðdegisnámi á leikskólabraut og fjarnámi.

Opinn fundur var að venju í febrúar og má sjá [fundargerð](#) á heimasíðu skólans.

Eins og undanfarin ár var alþjóðasamstarf talsvert. Stór hópur nemenda kom frá Ítalíu og Þýskalandi og unnu þar saman að metnaðarfullu verki sem lauk með leiksýningu í Urðarbrunni. Heimildarmynd var gerð um þessa samvinnu þriggja landa og má sjá hana [hér á Youtube](#). HG-hópurinn fór til Hollands og heimsótti skóla þar. Sú heimsókn var endurgoldin á haustönninni. HG-hópurinn er hópur nemenda sem kemur með góðar einkunnir úr grunnskóla og hafa nemendur sótt um að komast í hópinn. Þetta var í síðasta skipti sem þessi hópur var auglýstur. Því var enginn HG-hópur á haustönn 2015. Talið var að þótt hugmyndin hefði skilað talsverðum árangri í byrjun væri hún ekki lengur að skila okkur fleiri eða betri námsmönnum. Hópur leiklistarnema fór til Möltu á leiklistarhátíð og var þar í viku. Tólf nemendur fóru og einnig tveir kennarar með en það var skilyrði til að við gætum tekið þátt í hátíðinni. Ferðin tókst vel og tóku nemendur þátt í uppsetningum á leikverkum.

Imbruvika var í skólanum sem endranær, en þá er brotin upp hefðbundin kennsla, og var þemað sjöundi áratugurinn. Hápunktur Imbruviku er svo frumsýning söngleiks og árshátíð nemenda. Að þessu sinni var söngleikurinn Yfir alheiminn (across the universe) sýndur. Hann var byggður á tónlist Bítlanna og má segja að þema Imbruviku, sjöundi áratugurinn, hafi að mörgu leyti verið tengt Bítlunum.

Skólasókn var slök á haustönn 2014 og máttu að einhverju leyti tengja það verkfalli á vorönn 2014. Því var ákveðið að hefja átak varðandi skólasókn á vorönn 2015 og voru 124 nemendur settir á sérstakan skólasóknarsamning og það gert að skilyrði skólavistar að þeir skrifuðu undir slíkan samning ásamt forráðamönnum. Átakið bar talsverðan árangur og hefur því verið haldið áfram. Nú þarf að skoða hlutlæga mælikvarða og sjá hvort skólasókn hafi batnað og benda fyrstu athuganir til að svo sé.


Brautskráning fór fram 23. maí og brautskráðust 85 nemendur. 77 útskrifuðust með stúdentspróf, 21 af félagsfræðabraut, 19 af listnámsbrautum, 13 af viðskipta- og hagfræðibraut, 11 af náttúrufræðibraut, 9 af málabraut, tveir af hönnunar- og markaðsbraut og tveir af íþróttabraut. Einnig útskrifuðum við 5 nemendur af námsbraut fyrir leikskólaliða, tvo nemendur af starfsbraut og einn nemanda af framhaldsskólabraut.

3.ii Haustönn 2015

Aðsókn að skólanum var góð og þurfti að neita umtalsverðum fjölda nemenda um skólavist. Á haustönn 2015 innrituðum við 184 nýnema í dagskóla. Sem fyrr hélt skólinn í þá stefnu að tryggja þeim nemendum úr Garðabæ, sem sækja um skólavist í FG, pláss í skólanum. Sú stefna er ekki óumdeild og þýðir að meðalnámsgeta nýnema er minni en ef við tækjum eingöngu inn eftir einkunnum. Stefna skólans hefur verið og er að menntun allra nemenda sé jafnmikilvæg. Ennfremur hefur skólinn lagt áherslu á að sinna sínu nærumhverfi.

Ef vel ætti að vera vantar skólann fleiri nemendaígildi. Auk mikillar aðsóknar að dagskólanum erum við með fjarnám og leikskólabraut. Það er og hefur verið stefna skólans að vera með fjölbreytt námsframboð og tryggja þannig að sem flestir finni nám við hæfi. Undanfarin ár höfum við skilað af okkur fleiri nemendaígildum en við fáum greitt fyrir og árið 2014 voru þau um 50 sem er alltof mikið. Við erum einnig með umframígildi á árinu 2015 en þau verða ekki eins mörg eins og árið 2014. Enn frekar verður dregið úr ígildum á árinu 2016.

Þó aðsókn sé góð er hún ekki jafngóð á öllum brautum. Leiklistarhluti listnámsbrautar hefur slegið í gegn og er þar mikil aðsókn. Heldur hefur dregið úr aðsókn að textílbraut og ljóst að við þurfum að auglýsa þá braut betur. Íþróttabrautin hefur sótt í sig veðrið, nær tvöfaldast í fjölda nemenda frá árinu 2006. Nánar má sjá þróun brauta á myndinni hér fyrir neðan þegar eingöngu er horft á dagskólanemendur.



Þegar upp var staðið voru rúmlega 730 nemendur í dagskóla, sem er enn fullmikið en þó 30 færri en á síðasta skólaári. Heildarfjöldi nemenda á önninni var 923 nemendur.

Opinn fundur var að venju í október og má sjá [fundargerð](#) hans á heimasíðu skólans. Alþjóðasamstarf var talsvert á haustönninni. Hópur nemenda frá Tyrklandi, Litháen og Rúmeníu sótti okkur heim og tóku þátt í verkefni sem var undir stjórn skólans og heitir: **Cultural Transfer Race Loading in Iceland „CTRL-I)**. Þá fóru 22 nemendur í heimsókn til Þorsgrunn í Noregi á vegum Nordplus vegna verkefnis sem við stjórnnum og heitir: **Natural Sciences in Norway and Iceland** og munu Norðmennirnir endugjalda heimsóknina á næsta ári. Eins og áður kom fram endurguldu Hollendingar heimsókn frá vorönninni. Við höfum nú í fimm ár verið í samstarfi við menntaskóla í Amsterdam, [Amsterdam Lyceum](#), og eru öll líkindi á að því verði fram haldið.

Brautskráning fór fram 19. desember og brautskráðust að þessu sinni 78 nemendur. Af þeim útskrifuðust 73 með stúdentspróf, 21 af náttúrufræðibraut, 18 af félagsfræðabraut, 10 af viðskipta- og hagfræðibraut, 9 af listnámsbrautum, 6 af málabraut, 5 af íþróttabraut, 4 af hönnunar- og markaðsbraut, einnig útskrifuðust 2 nemendur með lokapróf af íþróttabraut, tveir nemendur af leikskólaláru og að lokum einn nemandi af námsbraut fyrir stuðningafulltrúa í grunnskólum.

4 Foreldraráð og samskipti við forráðamenn

Við skólann starfar foreldraráð og situr einn fulltrúi þess skólanefndarfundi. [Foreldraráðið](#) hefur síðu á heimasíðu skólans og heldur úti [Facebook síðu](#). Stjórnendur skólans funda með Foreldraráðinu og eins hefur ráðið kallað til sín fulltrúa nemenda og annarra starfsmanna.

Foreldraráðið hefur á köflum verið ákaflega virkt og staðið fyrir fyrirlestrum, fundum og könnunum. Þátttökuleysi foreldra hefur helst staðið starfseminni fyrir þrífum. Það er ljóst að það er mikið verk fyrir höndum að sannfæra foreldra um að þeir eigi fullt erindi inn í framhaldsskólana. Samskipti við forráðamenn fara fram á þrjá vegu. Í fyrsta lagi með fundum með foreldrum eins og fundi með foreldrum nýnema og fræðslufundum í samstarfi við foreldraráðið. Í öðru lagi með netpósti en skólinn sendir af og til netpóst til forráðamanna með upplýsingum. Í þriðja lagi gefur skólinn út FG-fréttir sem birtast á heimasíðu skólans. Þegar [FG-fréttirnar](#) koma út er forráðamönnum og aðstandendum send tilkynning og slóð á fréttirnar. Á árinu 2015 komu FG-fréttir út fjórum sinnum.

5 Sjálfsmat

Sjálfsmat er snar þáttur í starfsemi FG. Á hverju ári er gerð [sjálfsmatsáætlun](#) og [skýrsla](#) um sjálfsmat er birt á heimasíðu skólans á hverju ári. Þar er gerð ítarleg grein fyrir sjálfsmati í FG.

Gæðaráð hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Gæðaráðið fundar á s.k. samráðsfundum einu sinni í viku, þá er farið yfir helstu þætti skólustarfsins þá vikuna og helstu áherslur skólustarfsins mótaðar. Verksvið hópsins er m.a. að skipuleggja verkefni, ákveða úttektir og afla gagna ef þurfa þykir. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, 2 kennslustjórar og 2 námsráðgjafar. Það er mat okkar að þessi skipan gæðaráðs tryggi það að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun og ákvörðun og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni. Skólaárið 2014-2015 var sem fyrr lögð áhersla á að viðhalda þeim matsþáttum sem eru þungamiðjan í innra mati skólans, eins og t.d. kennslukannanir, skoðun námsárangurs, líðan starfsmanna, mat á

forvörnum, próf og prófagerð, kennsluáætlanir o.fl. Úttekt á einni námsgrein/námsbraut var framkvæmd í fjórða sinn. Óneitanlega litaði námskrárvinnan allt innra starf skólans, þar með talið sjálfsmatið, en það getur verið skynsamlegt að breyta um áherslur, gefa ákveðnum verkefnum hlé og geta þá skoðað þá næst í ákveðinni fjarlægð. Vegna verkfalls framhaldsskólakennara á vorönn 2014 fóru starfsmannasamtöl ekki fram svo og var úttekt á kennsluáætlunum frestað. Mikilvægt er að allt gæðastarf og innra mat sé í stöðugri þróun, sífellt séu skoðaðar nýjar hliðar sem við nána skoðun geta varpað ljósi á stöðu mála og komið nýjungum til leiðar sem bæta skólastarfið.

Þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru hverju sinni ráðast af verkefnum og byggjast þær á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum sem margar hverjar hafa verið aðlagðar að þeim markmiðum sem eru hverju sinni. Aðferðirnar eru í stöðugri mótun og miða að því að styrkja starfsmenn skólans til þess að verða betur færir um að framkvæma sjálfsmat. Megináhersla er á að starfsmennirnir fái tækifæri til þess að móta aðferðir við matið sem gefi góða mynd af því sem gert er um leið og það nýtist þeim við að bæta starfið jafnt og þétt. Slík aðferð kallast valdeflingarleið (empowerment evaluation). Hefð er fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum við ákvarðanatöku í skólastarfinu og áhersla er lögð á að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun stofnunarinnar og þá um leið í matinu (deiberate democratic evaluation). Spurningalistinn sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun á hverri önn hefur þróast yfir langan tíma, mjög margir hafa komið að gerð spurninganna og leitað hefur verið til fagaðila um hönnun slíkra spurningalista. Allt ferlið er í anda leiðsagnarmats (formative evaluation) þar sem matsferlið og niðurstöður eru nýttar til þess að bæta starfið jafnt og þétt. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluáðferðum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga. Athugasemdir nemenda eru síðan ræddar við kennarann sérstaklega þegar skólameistari eða aðstoðarskólameistari fundar með honum á vorönn.

Úttektir á einni námsgrein sem nú hafa verið gerðar fjórum sinnum veita kennurum m.a. tækifæri til að skoða eigin frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvort og þá hvaða breytingar þeir telja eða vilja gera. Slík skoðun á eigin starfi er mikilvæg og hafa kennarar tekið þessu tækifæri fegins hendi. Á skólaárinu 2014 – 2015 er starfræktur í fyrsta skipti við skólann starfendarannsóknahópur en það er hópur kennara sem hittist reglulega undir stjórn leiðbeinanda frá Menntavísindadeild HÍ. Þar rannsaka kennararnir eigin starfshætti með aðferðarfræði starfendarannsóknna, lesa faglegar greinar og ræða fagleg kennslufræðileg málefni.

6 Námsframboð

Miklar breytingar hafa orðið á framboði náms. Nú eru allar stúdentsbrautir orðnar þriggja ára brautir og var í fyrsta skipti boðið upp á slíkar brautir á haustönn 2015. Brautirnar voru tilbúnar af hálfu skólans á vorönn 2015 og Menntamálastofnun sendi þær til ráðuneytisins í lok sömu annar. Þær bíða enn afgreiðslu og erum við því með óstaðfestar námsbrautir. Við erum nú að leggja lokahönd á styttri brautir og munum senda þær til Menntamálastofnunar innan skamms.

Þriggja ára brautir í FG eru 202 einingar og var boðið upp á eftirfarandi brautir á haustönn 2015.

Námsbrautir

- Alþjóðabraut (stúdentsbraut)
 - alþjóðasamskiptasvið
 - menningarsvið
 - viðskiptasvið
- Félagsvísindabraut (stúdentsbraut)
- Hönnunar- og markaðsbraut (stúdentsbraut)
- Íþróttabraut (stúdentsbraut)

- Listnámsbraut (stúdentsbraut)
 - fata- og textílhönnunarsvið
 - leiklistarsvið
 - myndlistarsvið
 - tónlistarsvið (í vinnslu)
- Náttúrufræðibraut (stúdentsbraut)
 - heilbrigðisvið
 - tæknisvið
- Starfsbraut fyrir fatlaða nemendur
- Viðskiptabraut (stúdentsbraut)
 - hagfræðisvið
 - viðskiptasvið

Stytttri brautir

- Framhaldsskólabraut
- Menntabraut (verið er að leggja lokahönd á þessa braut)

7 Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

7.i Stærð húsnæðis

- 5.685 fermetrar

7.ii Fjöldi nemenda

Önn	Dagskóli	Fjarnám	Leikskólabraut	Samtals
2009-2	706	170	46	922
2010-1	662	137	38	837
2010-2	711	140	39	890
2011-1	716	165	36	881
2011-2	734	127	27	888
2012-1	691	115	20	806
2012-2	745	161	26	932

2013-1	665	116	21	802
2013-2	728	193	30	951
2014-1	678	160	28	866
2014-2	766	171	58	995
2015-1	672	163	42	877
2015-2	733	140	50	923

7.iii Brottfall nemenda á undanförunum önnum

Önn	Hættir*
2007-2	14
2008-1	19
2008-2	10
2009-1	10
2009-2	10
2010-1	10
2010-2	16
2011-1	20
2011-2	10
2012-1	13
2012-2	14
2013-1	26

2013-2	18
2014-1	11
2014-2	18
2015-1	19
2015-2	11

* Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN

7.iv Skipting nemenda á námsbrautir og eftir kynjum á vorönn 2014 og haustönn 2014

Vorönn 2015

Braut	KK	KVK	Samtals
AN	17	6	23
FÉ	48	60	108
HM	5	18	23
Íþ	56	23	79
LL	1	46	47
LN	45	117	162
MB	13	31	44
NÁ	88	43	131
ST2	12	3	15
VH	52	31	83
VSS		1	1
ÓTN	62	99	161
Samtals	399	478	877

Haustönn 2015

Braut	KK	KVK	Samtals
AN	14	10	24
FÉ	41	69	110
HM	7	18	25
Íþ	58	26	84
LL	1	50	51
LN	44	134	178
MB	14	49	63
NÁ	91	68	159
ST2	10	4	14
VH	58	37	95
VSS		1	1
ÓTN	54	65	119
Samtals	392	531	923

* Brautir eru flokkaðar saman. Þannig að alþjóðabraut er flokkuð með málabraut svo dæmi sé tekið.

7.v Aldursskipting nemenda á vorönn 2015 og haustönn 2015

Ár	2015-1	%
57-80	18	2,05%
81-90	45	5,13%
91	15	1,71%
92	13	1,48%
93	28	3,19%
94	51	5,82%
95	141	16,08%

Ár	2015-2	%
47-80	23	2,49%
81-90	37	4,01%
91	8	0,87%
92	10	1,08%
93	20	2,17%
94	31	3,36%
95	86	9,32%

96	166	18,93%
97	184	20,98%
98*	184	20,98%
99	29	3,31%
00-01	3	0,34%
	877	100%

*Nýnemar

96	150	16,25%
97	173	18,74%
98	174	18,85%
99*	197	21,34%
00-01	14	1,52%
	923	100,00%

*Nýnemar

7.vi Dreifing nemenda á bæjarfélög

Allir nemendur

	Vor 2015		Haust 2015	
Suðurnes	25	2,85%	27	2,93%
Landsbyggðin	59	6,74%	61	6,61%
Reykjavík	96	10,96%	98	10,62%
Hafnarfjörður	155	17,69%	158	17,12%
Kópavogur	170	19,41%	173	18,74%
Garðabær	369	42,12%	396	42,90%
Án póstnúmera	2	0,23%	10	1,08%
	876	100,00%	923	100%

Nemendur í dagskóla

	Vor 2014		Haust 2015	
Suðurnes	6	0,89%	5	0,68%
Landsbyggðin	31	4,61%	33	4,50%
Reykjavík	65	9,67%	69	9,41%
Hafnarfjörður	114	16,96%	116	15,83%
Kópavogur	142	21,13%	148	20,19%
Garðabær	314	46,73%	358	48,84%
Án póstnúmera	0	0,00%	4	0,55%
	672	100,00%	733	100%

7.vii Meðalstærð námshópa

	V-2012	H-2013	V-2013	H-2013	V-2014	H-2014	V-2015	H-2015
Fjarnámshópar meðaltal	4,2	4,7	3,7	5,7	5,5	5,7	6	6
Fornámshópar meðaltal	11,4	13,8	12	14,3	13,6	13	13	12,7
Bóknámshópar meðaltal	24,1	24,8	23,2	24,5	24,5	25,2	23,2	23,7
Verklegir áfangar meðaltal	12,4	12,9	12,3	12,2	13,1	12,15	11	12,1
Leikskólabraut meðaltal							18,8	22,3
Leiklist							18,25	15,3

8 Starfsfólk

8.i Fjöldi kennara og annars starfsfólks

- Yfirstjórnendur 4
- Kennarar 52
- Aðrir starfsmenn 15

8.ii Fjöldi stöðugilda skipt eftir kennurum, stjórnendum og öðrum starfsmönnum

- Stjórnendur 3,5
- Kennarar 47,7
- Aðrir starfsmenn 15,2

8.iii Hverjir teljast til yfirstjórnar skólans

- Skólameistari – Kristinn Þorsteinsson
- Aðstoðarskólameistari – Elísabet Siemsen
- Áfangastjóri – Snjólaug Elín Bjarnadóttir
- Verkefnastjóri – Guðmundur Stefán Gíslason

8.iv Hverjir teljast til stjórnenda skólans

- Fjármálastjóri – Sigrún Jósepsdóttir
- Skrifstofustjóri – Hulda Friðjónsdóttir
- Húsvörður – Sigurður Pálsson
- Kennslustjórar

8.v Kynjaskipting starfsfólks

- Konur 50 70,4%
- Karlar 21 29,6%

8.vi Aldur í árum hjá kennurum og stjórnendum

Aldur í árum hjá kennurum og stjórnendum	Karlar	Konur	Samanl.	%
	20 - 29	1		1
30 - 39	5	5	10	17,86%
40 - 49	1	10	11	19,64%
50 - 59	8	16	24	42,86%
60 - 69	4	6	10	17,86%
Samanlagt	19	37	56	100,00%

8.vii Menntun kennara og stjórnenda

Menntun kennara og stjórnenda	Karlar	Konur	Samanl.	%
	Doktor		1	1
MA/MS/PhD+UK	5	18	23	42,59%
BA/BS+UK	13	16	29	53,70%
Fagkennari+UK	1	2	3	5,56%
Samanlagt	19	37	56	103,70%

8.viii Kennsluhættir í FG

Kennsluhættir í FG eru fjölbreyttir eins og gefur að skilja í stórum skóla. Á undanförunum árum hefur það verið markviss stefna að auka verkefnavinnu nemenda og að auka samvinnu þeirra. Til að koma til móts við aukna verkefnavinnu nemenda höfum við komið upp svokölluðum verkefnastofum. Verkefnastofa er stofa með 15 til 21 tölvu (fartölvum), borðum er þannig raðað upp að tvær til þrjár tölvur eru á hverju borði fyrir fjóra til fimm nemendur. Sumir kennarar nota verkefnastofurnar þannig að 50% tímans eru kennarar í verkefnastofu með hóp sinn og 50% í annarri stofu. Þetta styður aukna verkefnavinnu og samvinnu. Þessar stofur eru nú fjórar og var einni bætt við haustið 2015. Þetta er ódýr leið til að auka vægi upplýsingatækni í skólanum. Helstu vandkvæði tengjast þráðlausu svæðum.

Það hefur reynst erfiðleikum bundið að halda því stöðugu. Þó hefur verið gert stóráttak í að fjölga þráðlausum svæðum í skólanum.

Haustið 2013 byrjuðum við með svokallaðar smiðjur. Smiðja virkar þannig að 10 mínútur eru teknar af öllum kennslutímum. Þær mínútur sem standa útaf er komið fyrir við lok dags í smiðjum, þar eru kennarar í fjórtíu mínútur með tíma með færri nemendum. Það sem við vonumst til að vinna með þessari nýbreytni er að koma til móts við einstaka nemendur, auka einstaklingmiðað nám, koma til móts við nemendur sem misst hafa úr eða eiga í erfiðleikum í námi. Eftir að hafa reynt þessar smiðjur í tvö ár var kerfið rætt í þaula á kennarafundi í lok vorannar 2015. Það var almenn niðurstaða að of stór hluti nemenda mætti ekki í smiðju. Samþykkt var að færa smiðjurnar og hafa þær í lok frímínútna klukkan 10:10. Þetta hefur aðeins verið í eina önn en fyrstu niðurstöður gefa til kynna að smiðjur séu mun betur nýttar á þessum tíma en áður var.

Á undanförunum árum höfum við unnið markvisst að kennslu og þjálfun í ritun og heimildavinnu. APA kerfið hefur verið tekið upp í flestum áföngum og nemendur þjálfaðir í vandaðri heimildavinnu. Ýmislegt annað hafa kennarar skólans gert tilraunir með eins og flippaða kennslu í stærðfræði, notkun á facebook í kennslu og margt annað. Það er óhætt að segja að kennsluáðferðir og námsmat er fjölbreytilegt í skólanum.

9 Fjármál skólans

Lokaniðurstaða ársins 2015 veldur vonbrigðum. Árið 2014 var með 9,5 milljóna afgangi. Það er ljóst að sá afgangur hverfur allur og til viðbótar endar skólinn í halla upp á 4,6 milljónir.

Á þessu er einföld skýring. Launkostnaður er mun hærri en gert var ráð fyrir. Laun voru hækkuð hjá öllum starfmönnum skólans á árinu. Að mati skólans var ekki bætt fyrir þær hækkanir að fullu. Áður en mestu hækkanirnar skullu á var útlit fyrir að skólinn myndi koma út með afgangi þegar tekið var tillit til síðustu áramótastöðu. Ef litið er til launa í nóvember, þegar stærstur hluti launahækkana er greiddur út, þá sést að þau eru 36 milljónir yfir áætlun. Bætur vegna launahækkana á árinu eru innan við 27 milljónir. Enda er svo komið að útgjöld vegna launa eru 92% af ríkisframlagi ársins 2015 og 85% af heildarfjárheimildum skólans. Í raun er ástandið verra þar sem stór hluti útgjaldaliðsins „Önnur sérfræðiþjónusta“ er í raun laun þar sem við erum talsvert með kennslu á listnámsbraut í verktöku.

Talsvert misræmi er á milli áætlunar og raunverulegrar útkomu á öðrum liðum en launum eins og sést á yfirlitinu hér á eftir. Skýrist það að talsverðu leyti af tveimur erlendum samstarfsverkefnum sem við tókum þátt í. Þannig verða tekjur 9 milljónum hærri en ráð var fyrir gert, en á móti eru vörukaup 3,7 milljónir umfram og önnur sérfræðiþjónusta hærri en ráð var fyrir gert. Eignakaup eru langt undir áætlun. Einungis var keypt fyrir rúmar fjórar milljónir en í áætlun var gert ráð fyrir rúmum 9 milljónum í eignakaup. Óhjákvæmilegt var að draga úr eignakaupum til að mæta framúrkeyrslu í launum.

Það bætir lítillega ástandið að útgjöld vegna erlendra verkefna eru að mestu fallin til en við eigum eftir að fá 20% af greiðslum vegna þeirra (tekjur). Það mun bæta stöðuna á árinu 2016.


Í töflunni hér á eftir sést áætlun fyrir árið 2016 og má þar einnig sjá niðurstöður fyrir árið 2015.

02-360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Rekstraráætlun 2016

Helstu liðir	Spá um 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2015	Mism. kr	Mism %
13 Aðrar rekstrartekjur	-19.089.772	-17.733.369	-19.189.617	-99.845	0,52%
11 Markaðar tekjur	0	0	0	0	
12 Sértekjur	-31.126.704	-26.535.175	-22.610.927	8.515.777	-27,36%
Tekjur alls	-50.216.476	-44.268.544	-41.800.544	8.415.932	-19,01%
01 Laun	651.391.638	672.762.819	598.200.825	-53.190.813	-8,17%
02 Ferðir og fundir	9.020.512	10.705.923	8.588.344	-432.168	-4,79%
03 Rekstrarvörur	16.772.789	16.513.374	13.007.175	-3.765.614	-22,45%
04 Aðkeypt þjónusta	25.019.879	25.755.202	19.718.396	-5.301.483	-21,19%
05 Húsnæði	64.159.591	67.548.668	65.499.474	1.339.883	2,09%
06 Bifreiðar og vélar	19.704	27.059	0	-19.704	-100,00%
07 Rekstrarkostnaður	4.182.561	10.220.359	9.231.383	5.048.822	120,71%
Rekstrarkostnaður	770.566.674	803.533.404	714.245.597	-56.321.077	-7,31%
Mismunur	720.350.198	759.264.860	672.445.053	-47.905.145	-6,31%
Tala til afstemmingar	673.360.029	759.264.860			
Til ráðstöfunar					
skv. fjárlögum	669.100.000	763.400.000			
frá fyrra ári	9.449.825	-4.585.446			
annað	37.214.927	0			
Fjárheimildir alls	715.764.752	758.814.554			

Rekstrarafkoma ársins -4.585.446 -450.306 ##
Halli Halli



Upplýsingar um framhaldsskóla

Skóli: Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Stærð skóla, fjöldi nem og starfsmanna

FG er skóli með um 930 nemendum og um 72 starfsmönnum í 5.685 fermetra húsnæði. Ársnemendur skv. fjárlagafrumvarpi 2015 eru 741.

Námsframboð

FG er áfangaskóli með sjö stúdentsbrautir og átta fyrirhugaðar styttri brautir. Í skólanum er jafnframt fjögurra ára starfsbraut fyrir fatlaða nemendur. Nemendur í dagskóli eru 77,6%, í fjarnámi 17,8% og í síðdegisnámi 4,6%.

Sérverkefni, þróunarstarf

Skólinn tekur þátt í brotthvarfsverkefni mrn.

Matsaðferðir og umbótaþættir skv. skýrslu

Skólinn hefur gert sjálfsmatsáætlun og skilar árlegri skýrslu. Sjálfsmatsskýrsla er birt á heimasíðu skólans.

Úttektir

Skólinn var tekinn út af mrn á vorönn 2013. Niðurstöður ásamt viðbragðsáætlun eru birtar á heimasíðu skólans.

Kennslumat er framkvæmt í hverjum áfanga á hverri önn.

Skólinn tók út kennslu í ensku á vorönn 2012, í íþróttagreinum vorið 2013, stærðfræði vorið 2014 og starfsbraut vorið 2015.

Afkoma, rekstrarstaða

Áramótastaða í lok árs 2015 er neikvæð um 4,5 milljónir.

Brottfall

Samkvæmt skráningu skólaráðs hættu 19 nemendur á vorönn 2015 og 11 á haustönn 2015.

Stjórnun

Auk skólameistara er aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, fjármálastjóri, skrifstofustjóri, húsvörður og kennslustjórar.

Samvinna við aðra

Kennarar í FG semja próf og leggja fyrir nemendur í Garðaskóla sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum.

Nemendur í Sjálandsskóla og á Álftanesi stunda nám í fjarnámi í FG.

Fundað er annað hvert ár með grunnskólakennurum í Garðabæ og á Álftanesi.

Skólinn er með afrekssvið fyrir iðkendur í knattspyrnu hjá Stjörnunni. Viðræður eru í gangi við GKG um svipað samstarf varðandi golfiðkendur.



Samvinna var við Tónlistarskóla Garðabæjar, Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og Tónlistarskóla FÍH um uppbyggingu tónlistarbrautar.

Stjórnendur skólans eru í talsverðu samstarfi við stjórnendur Garðabæjar.

Skólinn er þátttakandi í verkefni á vegum Ungt fólk í Evrópu.

Skólinn er í samstarfi við Garðasókn um Gospelkór Jóns Vídalíns.

Skólinn er í samstarfi við Porsgrunn Videregaaende skole í Porsgrunn í Noregi.

Skólinn er í samstarfi við Amsterdam Lyceum í Hollandi.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans

FG er almennur framhaldsskóli með fjölbreytt námsframboð. Sérstök áhersla er á listnám og er þar boðið upp á fjórar leiðir. Leiklist, myndlist, textíl- og fatahönnun og tónlist. FG sinnir fjölbreyttum hópi nemenda og er helsta upptökusvæði skólans Garðabær og Álftanes.

Mjög mikilvægt er að bæta aðstöðu fyrir listnám og starfsbrautarkennslu við skólann.